

## Reglur um samstarf deilda og deildaráð

### *Inngangur*

Samkvæmt lögum Rauða krossins (1. málsg. 19. gr.) geta deildir átt samstarf sín á milli m.a. með því að mynda deildaráð. Deildir og deildaráð geta starfað með stjórn, landsskrifstofu og öðrum aðilum að framkvæmd stefnu og verkefna Rauða krossins á starfssvæðum þeirra (2. málsg. 19. gr.). Í sveitarfélögum þar sem tvær eða fleiri deildir starfa skulu þær starfa saman í deildaráði (3. málsg. 19. gr.) en þær geta boðið deildum sem starfa í öðrum sveitarfélögum að taka þátt í deildaráðinu. Deildirnar geta fært starfsemi sína að hluta eða að fullu til deildaráðsins og er starfsemi þess fjármögnuð með framlögum frá viðkomandi deildum. Stjórn Rauða krossins setti á fundi sínum 8. september 2012 eftirfarandi reglur í samræmi við lög félagsins (4. málsg. 19. gr.).

### *Hlutverk deildaráðs*

1. Deildaráð er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur tveggja eða fleiri deilda. Hlutaðeigandi deildir geta falið deildaráði framkvæmd verkefna. Deildaráð getur verið samráðsvettvangur deilda án þess að tiltekin verkefni tilheyri undir það.

### *Skipan deildaráðs*

2. Hver deild sem aðild á að deildaráði tilnefnir einn aðalfulltrúa í ráðið og einn varafulltrúa. Aðalfulltrúi deildar í deildaráði skal vera deildarstjórnamaður.

### *Verkefni og fjármál deildaráðs*

3. Deildaráð getur ekki tekið sér fyrir hendur verkefni án samþykkis deilda né skuldbundið þær fjárhagslega eða á annan hátt.
4. Deildaráð hefur ekki sjálfstæðan fjárhag. Framlög til verkefna ráðsins koma frá deildunum sem á bak við ráðið standa. Deildaráð getur ekki skuldbundið deildir fjárhagslega án samþykkis þeirra. Hafi deildir falið deildaráði framkvæmd verkefna gerir ráðið fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir viðfangsefni sín og sendir deildum hana til staðfestingar. Að jafnaði skal þeirri reglu fylgt að ein þeirra deilda sem aðild á að deildaráðinu annist fjármálaumsýslu varðandi hvert verkefni þess.

### *Formaður deildaráðs*

5. Deildaráð kysir sér formann og varaformann til eins árs í senn. Sama deild getur ekki farið með formennsku lengur en tvö ár í röð. Varaformaður er staðgengill formanns.
6. Formaður deildaráðs boðar til fundar í ráðinu, stýrir fundi og ber ábyrgð á því að fundargerð sé rituð og birt.
7. Formaður deildaráðs er í forsvari fyrir Rauða krossinn gagnvart sameiginlegu sveitarfélagi deilda í deildaráðinu þar sem það á við.
8. Deildaráð getur, með samþykki allra deilda sem aðild eiga að því, ráðið starfsmenn til að framkvæma verkefni ráðsins og er formaður deildaráðs þá yfirmaður viðkomandi.

### *Fundir deildaráðs*

9. Deildaráð setur sér reglur um tíðni funda. Boðað skal til funda deildaráðs í bréfi, með rafrænum hætti eða á annan sambærilegan hátt með minnst fimm daga fyrirvara. Rita skal fundargerð á hverjum fundi deildaráðs. Hún skal samþykkt í lok fundar og birt á sjálfboðavef félagsins. Ákvarðanir á fundum deildaráðs teljast aðeins gildar séu þær teknar af meirihluta fulltrúa í ráðinu. Deildaráð getur heimilað starfsmönnum Rauða krossins og fulltrúa Ungmennaráðs Rauða krossins að sitja fundi deildaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

### *Nánari reglur um störf deildaráðs*

10. Deildaráð getur sett sér nánari reglur um starfsemi sína en þær sem að ofan greinir. Þær reglur skulu vera staðfestar af deildastjórnnum sem eiga aðild að ráðinu.

### *Samstarf deilda um verkefni utan deildaráðs*

11. Deildir geta sameinast um afmörkuð verkefni án þess að það sé á vettvangi deildaráðs. Deildir gera þá með sér skriflegan samning um samstarfsverkefni og stjórnunarfyrrkomulag þess.